

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 17. desember 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2009

a) Forsendur fjárhagsáætlunar:

Fyrir fundinum lá greinargerð sveitarstjóra um forsendur fjárhagsáætlunar 2009. Umræður urðu um forsendurnar og þær verðlagsforsendur sem þær eru byggðar á en m.a. er miðað við 14% verðlagshækkunar sem gengið er út frá í frumvarpi til fjárlaga 2009.

b) Útsvarsálagning:

Eftirfarandi álagningarforsendur voru samþykktar: Ef hækkað álagningarhlutfall útsvars verður heimilað eins og mælt er fyrir um í frumvarpi til fjárlaga samþykkir sveitarstjórn að álagningarhlutfall í sveitarfélaginu árið 2009 verði 13,28%.

c) Álagning fasteignagjalda:

Eftirfarandi álagningarreglur fasteignagjalda voru samþykktar fyrir álagningu 2009:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði (C-flokkur) 1,58% (1,32% + 25%) af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 6.000 kr og hámark 19.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 13.500 kr/íbúð.

Sorpeyðingargjald verði 6.000 kr/íbúð.

Sorpeyðingargjöld eru 10.000 – 100.000 eftir áætluðu magni sorps frá fyrirtækjum og stofnunum.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 3.000 kr/ha.

Um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega gildi eftirfarandi reglur:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur sem nema allt að 1.957.363 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 3.198.874 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.446.704 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar)
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 3.998.592 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar.)

Skýringar:

- Með ellilífeyrisþega er átt við að einstaklingur eða annað tveggja hjóna verði amk. 67 ára á árinu.
- Með örorkulífeyrisþega er átt við að einstaklingur eða annað tveggja hjóna hafi metna 75% örorku.
- Með tekjum er átt við allar skattskyldar tekjur viðkomandi þ.m.t. fjármagnstekjur.
- Forsendur útreiknings lífeyristrygginga eru:

Tillaga um álagningarreglur fasteignagjalda var samþykkt.

d) Bréf Samgönguráðuneytis dags. 10. desember 2008.

Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið mun veita fresti til afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaga verði eftir því leitað. Í bréfinu kemur einnig fram að mikilvægt sé að tryggja útgjalda- og rekstrarheimildir þar til fjárhagsáætlun hefur hlotið formlegt samþykki.

Sveitarstjórn samþykkti að óska heimildar til að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar til 31. janúar 2009 og bókaði jafnframt heimild til reksturs sveitarfélagsins á þeim forsendum sem gilt hafa um rekstur þess á árinu 2008.

2. Bréf:

a) UMFÍ, dags. 29. okt. 2008.

Í bréfinu er vitnað til 36. samráðsfundar Ungmennafélags Íslands þar sem samþykkt var að hvetja sveitarstjórnir til að standa vörð um íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu á viðsjártímum.

Bréfið var til kynningar

b) Menningarráðs Nl. vestra, dags. 31. okt. 2008.

Í bréfinu er greint frá því að menningarráðið hafi veitt 142 verkefnastyrki að upphæð 55 milljónir króna. Þá er bent á að samkvæmt samningi milli aðildarsveitarfélaganna og ríkisins skuli sveitarfélögin greiða ákveðna hlutdeild í kostnaði. Meðfylgjandi bréfinu var áætlun um framlög sveitarfélaganna árið 2009.

Bréfið var til kynningar og erindi þess vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

- c) *Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 6. nóv. 2008.*
Bréfið fjallar um skiptingu tekjujöfnunarframlaga jöfnunarsjóðs 2008. Í því kemur fram að heildarúthlutun nemur 1.321 m.k. og þar af er framlag til sveitarfélagsins 17.5 m.kr.
Bréfið var til kynningar.
- d) *Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 5. nóv. 2008.*
Í bréfinu er greint frá skiptingu og úthlutun aukaframlags jöfnunarsjóðs sem nam samtals 1.400 m.kr. sem skiptist þannig að til sveitarfélagsins koma samtals 23,7 m.kr.
Bréfið var til kynningar.
- e) *Farskólans, dags. 10. nóv. 2008.*
Með bréfinu er óskað eftir að þau sveitarfélög sem áður voru aðilar að Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra í gegnum Héraðsnefnd A-Hún verði áfram aðilar með beinum hætti.
Erindinu var vísað til fjárhagsáætlunar og samþykkt óska eftir kostnaðaráætlun frá Farskólanum.
- f) *Heilbrigðisráðuneytisins, dags. 21. nóv. 2008.*
Með bréfinu er tilkynnt um frestun sameiningar heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva til 1. júlí 2009.
Bréfið var til kynningar.
- g) *Vinumarkaðsráðs Nl. vestra, dags. 19. nóv. 2008.*
Í bréfinu eru kynntar ályktanir Vinnumarkaðsráðs Norðurlands vestra um vinnumarkaðsaðgerðir og aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.
Bréfið var til kynningar.
- h) *Snorraverkefnisins, 28. nóv. 2008.*
Í bréfinu er verkefnið kynnt og boðið að sveitarfélagið verði þátttakandi í því.
Bréfið var til kynningar og ekki áhugi fyrir þátttöku.
- i) *Þjóðhátíðarsjóðs, dags. 1. des. 2008.*
Með bréfinu er tilkynnt um að ekki hafi verið orðið við umsókn um styrk til gerðar gönguleiða.
Bréfið var til kynningar.
- j) *Stígamóta, 28. nóv. 2008.*
Bréfið er til kynningar á stafsemi og stöðu Stígamóta og jafnframt óskað eftir að sveitarfélög styðji við rekstur samtakanna.
Sveitarstjórn sá sér ekki fært að leggja fjárframlög til samtakanna.
- k) *Sturlu Böðvarssonar, 1. þingm. Nv kjördæmis, dags. 2. des. 2008.*
Í framhaldi af fundi þingmanna Nv. kjördæmis með fulltrúum sveitarstjórna 19. nóvember sl. ritaði Sturla 7 bréf í nafni þingmanna kjördæmisins til hlutaðeigandi

ráðherra og kynnti þau mál sem til umræðu voru á fundinum og lagði áherslu á að þau fengju ásættanlega lausn.

Sveitarstjóra falið að senda 1. þingmanni þakkir fyrir afgreiðslu málsins.

l) Ámundakinnar, dags. 10. des. 2008.

Með bréfinu er gerð grein fyrir aðalfundi Ámundakinnar sem haldinn var 16. maí sl. og að ákveðið hafi verið að greiða hluthöfum 1% arð. Í ljósi yfirstandandi efnahagsfárviðris sem valdi miklum hækkunum á lánaskuldbindingum félagsins hefur stjórn Ámundakinnar samþykkt að að bjóða hluthöfum að fá arð sinn greiddan með hlutabréfum í félaginu á genginu 1,1 í stað greiðslu með peningum. Erindið var samþykkt.

m) EBI Brunabótar, 12. des. 2008.

Bréfið er upplýsingabréf um áhrif fjármálakreppu á félagið. Í því kemur fram að umtalsverðir fjármunir hafa tapast.

Sveitarstjórn ræddi málið og lýsti vonbrigðum með þá niðurstöðu sem fram kemur í bréfinu og taldi ástæðu til að taka allar forsendur eignarhaldsfélagsins til endurskoðunar.

3. Fundargerðir

a) Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún. 11.11.2008.

Meðfylgjandi fundargerðinni var fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

Fundargerðin var til kynningar en þær athugasemdir gerðar við fjárhagsáætlunina að beina því til stjórnar byggðasamlagsins að allra leiða verði leitað til að ná amk. 10% sparnaði og fjárhagsáætlunin verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði.

b) Byggðasamalags um Atvinnu- og menningarmál, 2.12.2008.

Meðfylgjandi fundargerðinni var fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlunina.

c) Stjórnar Norðurár bs. 3.12.2008

Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar SSSNV, 8.12.2008.

Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál.

Sveitarstjórn samþykkti að leggja 100.000 kr til Mæðrastyrksnefndar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁰

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson

Sigríður Gestsdóttir

Erla Jónsdóttir

Magnús B. Jónsson.